



Íþróttá- og tómstundaráð Reykjavíkur  
Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

Reykjavík, 19. nóvember 2020

## EM einstaklinga - Reykjavíkurskákímótið 2021

Skáksamband Evrópu hefur leitað til okkur hjá Skáksambandi Íslands og óskað eftir því að sambandið haldi Evrópumót einstaklinga árið 2021 í Reykjavík. Okkur er mikill heiður að slíkri beiðni sem tengist að sjálfsögðu velgengni alþjóðlega Reykjavíkurskákímótsins.

Skáksambandið hefur skoðað beiðnina vel og á þeim forsendum að EM einstaklinga 2021 yrði einnig alþjóðlega Reykjavíkurskákímótið það ár. Þannig myndum við halda þeim styrkjum sem höfum þegar aflað til Reykjavíkurskákímótsins frá Reykjavíkurborg og Kviku (áður GAMMA).

Gerð er ráð fyrir að mótið fari fram um miðjan apríl. Alls eru tefldar 11 umferðir á 11 dögum og stefnt er á dagsetningarnará milli 7.-21. apríl.

Saga mótsins og Reykjavíkurborgar er samofin. Fyrsta Reykjavíkurskákímótið var haldið 1964 og er helsta hátíðin hérlendis sem ber nafn borgarinnar. Mótið hefur verið haldið reglubundið síðan að árinu í ár undanskildu.

Á EM einstaklinga gerum við ráð fyrir meira en 300 keppendum, þar af yfir 100 stórmeisturum. Þátt tækju flestir sterkustu skákmenn álfunnar, konur og karlar, og svo auðvitað fremstu skákmenn landsins. Þessi metnaðarfulla umgjörð yrði að sjálfsögðu mikil innspýting fyrir mótið. Hér færi fram sterkasta Reykjavíkurskákímót sögunnar og samhliða myndum við halda opið mót þar sem ungir og efnilegir skákmenn fengju að tefla á sama sviði og þau sterkustu. Og þannig fengju keppendur utan Evrópu einnig tækifæri til að taka þátt í hátíðinni.

Að halda EM einstaklinga er hins vegar mikil áskorun. Verðlaunaféð er 125.000 evrur og samkvæmt útreikningum Skáksambands mun kostnaður um mótshaldið nema um 33.500.000 kr.

Skáksamband Íslands óskar hér með eftir sérstökum styrk að upphæð 4.000.000 kr. fyrir mótið 2021.

Ríkisstjórn Íslands hefur samþykkt sérstakt 7,5 milljóna framlag til mótsins. Þá hefur Kvika samþykkt að styrkurinn 2020 færist til ársins 2021 og að styrkur Kviku á næsta ári verði þar með 10.000.000 mkr. Samkvæmt fjárhagsáætlun myndi framlag Reykjavíkur tryggja endanlega mótshaldið.

Þetta mót gæti orðið gríðarleg lyftistöng fyrir íslenskt skáklíf og áhugahvetjandi fyrir alla skákunnendur, ekki síst börn og ungmenni. Jafnframt horfum við til þess að hafa að einhverju uppörvandi og metnaðarfullu að stefna í framtíðinni, en árið í ár hefur verið skákmönnum erfitt enda hefur nánast öllu alþjóðlegu mótahaldi verið aflýst eða frestað.

Í von um jákvæð viðbrögð.

Gunnar Björnsson,  
forseti Skáksambands Íslands